

SÍÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Bláskógabyggð

1. gr.

Markmið síðareglanna

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Bláskógabyggðar.

Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Bláskógabyggðar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Bláskógabyggðar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar sveitarfélagsins sé ávallt eins og best verður á kosið.

Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé. Kjörnir fulltrúar forðast að hafast nokkuð það sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Bláskógabyggð.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Bláskógabyggðar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

4. gr.


Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir sveitarstjórnarlögum, hæfisreglum samþykktar um stjórn Bláskógabyggðar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur.

VMIS
SH
K.E.T.
AAB
HK

**5. gr.***Gjafir og fríðindi*

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

6. gr.*Trúnaður*

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Bláskógabyggðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögætum og málefnalegum rökum.

7. gr.*Stöðuveitingar*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Bláskógabyggð sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggja að baki vali á starfsmönnum.

8. gr.*Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings*

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningsi og fjölmiðlum á heimasíðu Bláskógabyggðar og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Upphaflega samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 7. febrúar 2013.

Yfirfarið og undirritað af sveitarstjórn Bláskógabyggðar
þann 3. júní 2026

Helen Hjartmann

Isak Egeþór

Aslaug Alda P

Ólafur Pálsson

Júliana Ólafsdóttir

Valdís María Smíða

Stefanía H